



Kennarar í grunnskólum – hvert stefnir?

Í nýjum tölum frá [Hagstofu Íslands](#) um starfsfólk í grunnskólum kemur fram að þeim sem starfa við kennslu á þessu skólastigi hefur fjölgað stöðugt undanfarið ár. Eftirfarandi tafla sýnir fjölgun kennara í grunnskólum frá hausti 1998 til hausta 2005, skipt eftir kynjum. Hlutfallsleg fjölgun kennara á tímabilinu er 20%. Taflan sýnir einnig að fjölgunin er alfarið meðal kvenkennara, en fjöldi karlkennara hefur staðið í stað. Hlutfallslega hefur kórlum sem starfa við kennslu fækkað á þessu tímabili úr 26% í 22%.



Það er ekki aðeins kynjamunurinn sem vekur athygli heldur einnig aldurssamsetning kennarahópsins, sjá töflu hér að neðan. Fljótt á titið mætti ætla að fjölgun þeirra sem starfa við kennslu væri mest í yngsta aldurshópnum, þ.e.a.s. meðal þeirra sem eru á þrítugsaldri. Það kemur hins vegar í ljós að hlutfallsleg fjölgun er mest í eldri aldurshópnum en kennurum í aldurshópnum 29 ára og yngri hefur fækkað. Fjölgunin frá 1998 til 2005 hefur verið mest meðal kennara sem eru 50 ára og eldri. Næstfjölmennasti aldurshópurinn 2005 eru kennarar 40-49 ára, en hlutfallslega hefur þeim fækkað lítillega frá 1998.



Kynlegur skóli Ráðstefna um jafnréttisstarf í leik- og grunnskólum

Ráðstefnan [Kynlegur skóli](#) var haldin í Hafnarfirði þann 24. mars sl. þar sem fjallað var um jafnréttisstarf í leik- og grunnskólum. Ráðstefnan var haldin á [vegum lýðræðis- og jafnréttisnefndar Hafnarfjarðar](#) og [jafnréttisnefndar Reykjavíkurborgar](#), í samstarfi við [félagsmálaráðuneyti](#) og menntamálaráðuneyti. Hátt í 300 manns sóttu ráðstefnuna, sem haldin var í Hafnarborg. Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, ávarpaði ráðstefnuna í upphafi. Í máli ráðherra kom m.a. fram að menntamálaráðuneyti leggi áherslu á að skólar búi bæði kynin undir þátttöku í atvinnulífi, fjölskyldulífi og í samfélaginu. Eitt mikilvægasta úrlausnarefni skóla og skólayfirvalda í þessu sambandi er að finna leiðir til að koma til móts við ólíka getu og ólík áhugamál nemenda. Í yfirstandandi endurskoðun á aðalnámsskrám grunnskólanna og framhaldsskóla í tengslum við [breytta námsskipan til stúdentsprófs](#) hefur verið leitast við að styrkja grundvallarmarkmið jafnréttis í aðalnámsskrám s.s. í námskrá í lífsleikni fyrir grunnskólum og framhaldsskólum. Skapa þarf öllum tækifæri til náms við hæfi og að koma til móts við ólíka getu og ólík áhugamál nemenda þannig að verkefnið höfði jafnt til drengja og stúlkna bæði í leik- og grunnskólum. Mörg erindi voru flutt á ráðstefnunni og báru flest merki þess að kynjamunur væri ofarlega í huga þeirra sem tóku til máls og hvernig nálgast mætti ólíkar þarfir nemenda í skólastarfi. Meðal þeirra sem fluttu erindi voru Þórdís Þórðardóttir, lektor í uppeldis- og menntunarfærni við [KHÍ](#), Hafsteinn Karlsson, skólastjóri [Salaskóla](#), Fanný Gunnarsdóttir,

námsráðgjafi í [Álftamýrarskóla](#), Halla Gunnarsdóttir blaðamaður, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor við [Háskólann á Akureyri](#), Margrét Pála Ólafsdóttir [skólastjóri](#) og Kira Appel, sérfræðingur í danska jafnréttisráðuneytinu. Nánari upplýsingar er að finna á vef Hafnarfjarðarbæjar [hafnarfjordur.is](#).

Heildarendurskoðun grunnskólalaga hafin

Menntamálaráðherra hefur skipað nefnd til þess að gera tillögu að heildarendurskoðun [laga um grunnskóla nr. 66/1995](#), með síðari breytingum. Nefndinni er m.a. ætlað að hafa til hljóðsónar fyrirgjandi frumvarp um breytingu á grunnskólalögum, reynsluna af flutningi grunnskólans til sveitarfélaga, áform um breytingu námsskipan til stúdentsprófs og aukna samféllu og sveigjanleika í skólastarfi. Lögð er áhersla á að nefndin hafi viðtækt samráð við ýmsa hagsmunaaðila við endurskoðun laganna. Í nefndinni eru Guðrún Ebba Ólafsdóttir [borgarfulltrúi](#), formaður, án tilnefningar, Gunnar Einarsson bæjarstjóri [Garðabæjar](#), án tilnefningar, Gerður G. Óskarsdóttir sviðsstjóri menntasviðs [Reykjavíkurborgar](#) og Jón Kr. Sólmes, lögmaður og formaður skólanefndar [Akureyrar](#), tilnefnd af [Sambandi íslenskra sveitarfélaga](#), Unnar Þór Bødvarsson, skólastjóri [Hvolsskóla](#) og Þóroddur Árni Hjaltsted, varaformaður [Félags grunnskólakennara](#), tilnefndir af [Kennarasambandi Íslands](#) og María Kristín Gyldadóttir, formaður [Heimilis og skóla](#), tilnefnd af Heimili og skóla. Guðni Olgeirsson, sérfræðingur í menntamálaráðuneyti, og Helga Þórisdóttir lögfræðingur starfa með nefndinni. Nefndin skal skila menntamálaráðherra stuttu

áfangaskýrslu í september 2006 og fullunnu frumvarpi eigi síðar en í lok desember 2006.

Málþing um náttúrufræðimenntun

[Málþing um náttúrufræðimenntun](#) verður haldið dagana 31. mars og 1. apríl n.k. Á málþinginu verður fjallað um endurskoðun námskráa og um námskrár í náttúrufræðum, tilgang þeirra og inntak. Einnig verða ný námsgögn í náttúrufræði kynnt. Þá verður leitast við að svara spurningum á borð við hvað segja rannsóknir á sviði náttúrufræðimenntunar okkur? Hvernig gengur börnum að tileinka sér greinar á borð við líffræði, efnafræði, eðlisfræði og jarðfræði? Hver eru viðhorf kennara og nemenda til þessara greina? Hvað vekur helst áhuga nemenda? Málþingið er samstarfsverkefni [Félags raungreinakennara](#), [Félags náttúrufræðikennara á grunnskólastigi](#), [Kennaraháskóla Íslands](#), Rannsóknarhóps um náttúrufræðimenntun við KHÍ, [Háskóla Íslands](#) og [Samtaka líffræðikennara](#). Styrktaraðilar eru Samlíf – samtök líffræðikennara, KHÍ, Orkuveita Reykjavíkur, Rannsóknarhópur um náttúrufræðimenntun, Össur, Marel og menntamálaráðuneyti.

Allt áhugafólk um nám og kennslu í náttúrufræði, sérstaklega kennarar í náttúrufræði er hvatt til að skrá sig. Þátttaka á málþinginu er ókeypis og öllum opin. Nánari upplýsingar er að finna á <http://natturufraedi.khi.is/natting/>

